



SAGNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. D 120 / 1579

komudagur 17/4 1996 Reykjavík, 17. apríl 1996

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Sagnfræðingafélagi Íslands hefur borist beiðni ykkar frá 9. apríl s.l. um að veita umsögn um frumvarp til laga um upplýsingalög, 361 mál.

Ástæða er til að lýsa yfir ánægju með að lög af þessu tagi séu að fara að líta dagsins ljós.

Það er mjög mikilvægt fyrir rannsóknir í landinu að skýrar reglur gildi um aðgang að upplýsingum og skráningarskylda sé á málum og varðveislan sé fullnægjandi. Á ég þar fyrst og fremst við greinar nr. 20 - 23. í frumvarpinu.

Meginkrafan fyrir rannsóknir hlýtur alltaf að vera sú að sem mest af gögnum sé opið til skoðunar. Einnig verður að hafa það að leiðarljósi að eftir ákveðinn tíma geti aðgangur verið mögulegur að gögnum í rannsóknarskyldum sem hafa verið viðkvæm í sínum samtíma, en síður seinna, þar sem þau geta verið mjög mikilvæg fyrir túlkun þess sem gerst hefur.

Í tengslum við 20. greinina er spurning hvort almennur aðgangur eigi ekki að vera sterkari meginregla, og undantekningin sú að safnið/stjórnvaldið þurfi að rökstyðja hvers vegna ekki sé mögulegt að veita aðgang að viðkomandi gögnum.

Virðingarfyllt,

Hrefna Róbertsdóttir
formaður